


# Málfræðibókin mín



1. hefti

# 1. Yfirlit

Í þessari bók lærir þú um nafnorð, lýsingarorð og töluorð. Þau eru öll fallorð.

Seinna lærir þú um hina orðflokkana.

Áður en þú byrjar er gott að sjá hvernig orðin skiptast í flokka.



Sagnorð	Fallorð	Smáorð
Sagnorð tíðbeygjast. Þau eru í nútíð eða þátíð.	Fallorð fallbeygjast. Þau eru í nefnifalli, þolfalli, þágufalli eða eignarfalli.	Smáorð beygjast ekki.
sagnorð borða, hlaupa, tala	<b>nafnorð</b> 1. samnöfn strákur, mynd, hús 2. sérnöfn Esja, Guðrún, Stefán	<b>atviksorð</b> ekki, þarna, núna, rosalega
	<b>lýsingarorð</b> glaður, gulur, ungur	<b>forsetningar</b> undir, til, í
	<b>töluorð</b> 1. frumtölur einn, tveir, þrír, fjórir 2. raðtölur fyrsti, annar, tuttugasti	<b>samtengingar</b> og, sem, þegar
	<b>fornöfn</b> 1. persónufornöfn ég, þú, hann, við, þið, þeir 2. eignarfornöfn minn, þinn, sinn 3. óákveðin fornöfn einhver, enginn, allir 4. ábendingarfornöfn þessi, þetta 5. afturbeygð fornöfn sig, sér, sín 6. spurnarfornöfn hver, hvað	<b>nafnháttarmerki</b> að

# 2. Orðflokkar

## Nafnorð

Nafnorð eru orð sem eru heiti á hlutum eins og **borð, stóll, blýantur, bók**. Nafnorð eru alls stáðar í kringum okkur. Þessa hluti sem þú sérð er hægt að snerta og telja.



Líttu í kringum þig. Getur þú nefnt fleiri hluti?



Nafnorð eru ekki bara hlutir sem hægt er að snerta. Orð eins og **gleði, sumar, tími, vinátta, mánudagur** eru líka nafnorð.

Nafnorð sem eru heiti á hlutum og fyrirbærum eru kölluð **samnöfn**.

Frá hvaða landi ertu? \_\_\_\_\_

Hvað heitir besti vinur þinn? \_\_\_\_\_

Hvað heitir gatan þín? \_\_\_\_\_

Nafnorðin sem þú skrifaðir á línurnar eru sérnöfn. Sérnöfn eru alltaf skrifuð með stórum staf.

Nöfn á fólki, dýrum, löndum og borgum eru **sérnöfn**.



Settu orðin í rétta dálka.

Akureyri, blýantur, Brandur, búð, Guðmundur, Hekla, hestur, kennari, kisa, Kína, London, Lækjartorg, mynd, stóll

samnöfn

sérnöfn



---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---



# Lýsingarorð

Lýsingarorð eru orð sem lýsa fólki, dýrum og hlutum.

Orðin yfir litina eru til dæmis lýsingarorð.  
Þetta er **gulur** bolti.



Uppáhaldsliturinn minn er \_\_\_\_\_

Lýsingarorð lýsa útliti persóna og hluta.  
Maðurinn er **ljóshærður**.



Besti vinur minn er  dökkhærður.  
 ljóshærður.  
 rauðhærður.  
 skolhærður.

Við notum líka lýsingarorð þegar við tölum um  
hvernig okkur finnst fólk, bækur eða bíómyndir vera.



Hvernig lítur Lína langsokkur út?

\_\_\_\_\_

Hvernig er Lína langsokkur?


\_\_\_\_\_

Lýstu besta vini þínum.

\_\_\_\_\_

Hvernig var bíómyndin sem þú sást síðast?

\_\_\_\_\_



fyndin, spennandi, leiðinleg,  
skemmtileg, langdregin, góð,  
vel leikin, flott, væmin,  
kúl, frábær, sæmileg

# Töluorð

Orð fyrir tölur köllum við **töluorð**.



Hvað er símanúmerið þitt? \_\_\_\_\_



Skrifaðu heiti tölustafanna.

1 einn \_\_\_\_\_

2 \_\_\_\_\_

3 \_\_\_\_\_

4 \_\_\_\_\_

5 \_\_\_\_\_

6 \_\_\_\_\_

7 \_\_\_\_\_

8 \_\_\_\_\_

9 \_\_\_\_\_

10 \_\_\_\_\_

11 \_\_\_\_\_

12 \_\_\_\_\_

# Sagnorð

Orð sem lýsa því sem fólk gerir eru **sagnorð**.



Hvað er fólk að gera?



\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvað varstu að gera í gær?

\_\_\_\_\_



Krossaðu við réttan orðflokk.

Þetta er **stelpa**. Hún heitir **Ásta** og er **tólf** ára. Ásta er **glöð**. Nú er hún að **fara** í skólann.



- Orðið **stelpa** er
- lýsingarorð
  - nafnorð
  - sagnorð
  - sérnafn
  - töluorð

- Orðið **Ásta** er
- lýsingarorð
  - nafnorð
  - sagnorð
  - sérnafn
  - töluorð

- Orðið **tólf** er
- lýsingarorð
  - nafnorð
  - sagnorð
  - sérnafn
  - töluorð

- Orðið **glöð** er
- lýsingarorð
  - nafnorð
  - sagnorð
  - sérnafn
  - töluorð

- Orðið **fara** er
- lýsingarorð
  - nafnorð
  - sagnorð
  - sérnafn
  - töluorð



Settu orðin í rétta dálka.

Ásdís, átta, bíómynd, brjóta, drekka, fimm, hundur, hvítur, latur, ljóshærður, læra, mjólk, rauður, reikna, Reykjavík, sextíu, skemmtilegur, skrifa, tólf, tveir

nafnorð	lýsingarorð	töluorð	sagnorð
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____

# 3. Kyn orða

## Hvað er kyn?

Í íslensku eru þrjú kyn: **karlkyn**, **kvenkyn** og **hvorugkyn**.

Hvað dettur ykkur í hug þegar þið sjáið þessi orð?

KARLKYN   KVENKYN   HVORUGKYN

- Er karlkyn bara fyrir karla?
- Er kvenkyn sérstaklega kvenlegt kyn?
- Fyrir hverja er aumingja hvorugkynið?

Kyn í málfræði þýðir **ekki** að eitthvað sé karlmannlegt eða kvenlegt.

Karlkyn:	hann
Kvenkyn:	hún
Hvorugkyn:	það


Öll nafnorð í íslensku hafa kyn.

Við segjum: Nafnorðið **penni** er í karlkyni.  
Þess vegna getum við sagt:

Þetta er penni. Hann er á borðinu.

Nafnorðið **flaska** er í kvenkyni.  
Þess vegna getum við sagt:

Þetta er flaska. Hún er á borðinu.



Nafnorðið **borð** er í hvorugkyni.  
Þess vegna getum við sagt:

Þetta er borð. Það er í stofunni.

Hafa nafnorð kyn í þínu móðurmáli?  
Er hægt að nota **hann**, **hún**, **það**  
þegar vísað er í nafnorðin?

# Meira um kyn orða

Stóll er karlkynsorð.  
Stóll er ekki bara fyrir karla.



Kjól er líka karlkynsorð.  
En kjóllinn er aðallega fyrir konur!

Merking orðanna **stóll** og **kjól** ákveður ekki kyn þeirra.

Í sumum nafnorðum er samt hægt að sjá að merkingin ákveður kynið.



Hvaða kyn hafa þessi orð?



stelpa



mamma



dóttir



amma



Hvaða kyn hafa þá þessi orð?

strákur \_\_\_\_\_ sonur \_\_\_\_\_


pabbi \_\_\_\_\_ afi \_\_\_\_\_

Það væri nú svolítið skrítið ef orðið **strákur** væri kvenkynsorð og orðið **stelpa** karlkynsorð, eða hvað finnst þér?

Þegar fólk talar móðurmálið veit það hvaða kyn er á nafnorðunum.

Það hefur á tilfinningunni hvaða kyn orðin hafa.

Hefur þú ekki líka stundum á tilfinningunni hvaða kyn er á algengum orðum í íslensku?



kvenkyn



karlkyn



hvorugkyn

bók, stóll, bíll,  
blað, hár, peysa, sól, húfa,  
skóli, bolti, nef, hús



Í hvaða kyni heldur þú að orðin í rammanum séu?

karlkyn

kvenkyn

hvorugkyn

---

---

---

---



---

---

---

---



---

---

---

---



# Kyn nafnorða

Nafnorð í íslensku hafa kyn og það breytist aldrei. Þess vegna er hægt að sjá kyn þeirra í orðabók.

Þurfum við þá að fletta upp í orðabók í hvert skipti sem við notum nafnorð?  
Nei, sem betur fer ekki.

Við höfum aðferð sem hjálpar okkur að sjá hvaða kyn nafnorðin hafa.

Við þurfum að líta á **beygingarendingar** nafnorðanna.



Orðið **stelpa** er kvenkynsorð.

Orðið **strákur** er karlkynsorð.

stelp a  
klukk a

strák ur  
hund ur



Skoðaðu hvernig þessi orð enda og strikaðu undir endinguna.

taska, peysa, húfa, stofa, skyrta,  
mappa, kona, mamma, appelsína,  
gata, flaska, kisa, klukka, pítsa,  
króna, kápa, úlpa

diskur, fiskur, kjúklingur,  
laukur, garður, blýantur, vettlingur,  
peningur, pottur, skápur, hundur,  
hestur



Öll orðin í rammanum eru í sama kyni.  
Hvaða kyn er það?




Öll orðin í rammanum eru í sama kyni.  
Hvaða kyn er það?


# Stofn og beygingarendingar

Þú hefur örugglega tekið eftir því að orð eins og **stelpa** og **borð** enda ekki alltaf eins, þau breytast.

Þetta er skemmtileg **stelpa**.  
Þekkir þú þessa **stelpu**?



Settu töskuna undir **borð**.  
Taskan er undir **borði**.



Skoðum betur orðin **stelpa**, **stelpu** og **borð**, **borði**.

stelp a  
stelp u

borð  
borð i



- Það sem breytist köllum við **beygingarendingar**.
- Það sem breytist **ekki** köllum við **stofn**.
- Stundum er engin beygingarending sett á stofninn.
- Þá eru orðin **endingarlaus**.

Skoðaðu stofna og endingar orðanna í töflunni.

penni	strákur	stelpa	rós	borð
penna	strák	stelpu	rósar	borði




Skrifaðu hvað er stofn og hvað er beygingarending.

	stofn	ending		stofn	ending
penni	<i>penn</i>	<i>i</i>	stelpu	_____	_____
penna	_____	_____	rós	_____	_____
strákur	_____	_____	rósar	_____	_____
strák	<i>strák</i>	<i>engin ending</i>	borð	_____	_____
stelpa	_____	_____	borði	_____	_____

# Flokkar nafnorða

Með því að skoða beygingarendingar nafnorða getum við sett langflest nafnorð í flokka eftir kyni þeirra.

Í þessari bók ætlum við að skoða 5 stóra flokka.



Í karlkyni eru tveir flokkar.

- Veik karlkynsorð enda á **-i** (penni).
- Sterk karlkynsorð enda á **-ur** (strákur).



Í kvenkyni eru líka tveir flokkar.

- Veik kvenkynsorð enda á **-a** (stelpa).
- Sterk kvenkynsorð hafa enga beygingarendingu (rós).



Í hvorugkyni er einn flokkur.

- Sterk hvorugkynsorð hafa enga beygingarendingu (blóm).



Flokkaðu þessi orð eftir kyni og skrifaðu í réttan dálk. Líttu á hvernig orðin enda.

appelsína, banki, brauð, búð, ferð, gjöf, gluggi, gólf, ísskápur, kafli, lampi, mappa, mynd, ostur, peningur, pera, pils, pottur, samloka, sími, sjónvarp, skip, sokkur, sveit, taska

**karlkyn**

veik	sterk
(-i)	(-ur)

**kvenkyn**

veik	sterk
(-a)	( )

**hvorugkyn**

sterk
( )


# Að finna kyn nafnorða

Skoðaðu aftur orðin neðst á blaðsíðu 10. Var erfitt að sjá hvort orðin eru sterk kvenkynsorð eða sterk hvorugkynsorð?

Ef þú hefur ekki á tilfinningunni í hvorn flokkinn orð á að fara verður þú að fletta upp í orðabók eða spyrja einhvern um kynið. Í Íslenskri orðabók getur þú séð kynið á orðinu.



Á eftir orðum í karlkyni stendur KK            penni, -a, -ar    **KK**

Á eftir orðum í kvenkyni stendur KVK        rós, -ar, -ir     **KVK**

Á eftir orðum í hvorugkyni stendur HK      blóm, -s         **HK**



Kvenkyn eða hvorugkyn? Flettu upp í orðabók og finndu kyn orðanna.

blað \_\_\_\_\_ dós \_\_\_\_\_ mús \_\_\_\_\_ höfn \_\_\_\_\_

skip \_\_\_\_\_ bók \_\_\_\_\_ rúm \_\_\_\_\_ tré \_\_\_\_\_

**Beygingarflokkur** er hópur nafnorða sem hefur sömu **beygingarendingar**. Leggðu beygingarflokkana á blaðsíðu 10 á minnið.

Mundu! Þú getur flett upp í orðabók til að sjá kyn nafnorða.



Hvað er í ísskápnum? Dragðu strik í réttan beygingarflokk.

The refrigerator door has the following categories listed from top to bottom:

- veik karlkynsorð
- sterk karlkynsorð
- veik kvenkynsorð
- sterk kvenkynsorð
- hvorugkynsorð

Surrounding food items include:

- ostur (cheese)
- egg (egg)
- jógúrt (yogurt)
- agúrka (cucumber)
- tómatur (tomato)
- brauð (bread)
- laukur (onion)
- paprika (paprika)
- appelsína (apple)
- fiskur (fish)
- smjör (butter)
- SKINKA (sausage)
- tómatsósa (tomato sauce)
- SKYR (cottage cheese)
- kæfa (ice cream)
- rjómi (milk)
- SULTA (salt)
- SINNET (pepper)

# Kyn greinis

Nafnorð bæta við sig **greini**.  
Greinirinn er settur aftan á orðið.

## Nafnorð án greinis

penni  
strákur  
stelpa  
rós  
blóm

## Nafnorð með greini

penninn  
strákurinn  
stelpa  
rósinn  
blómið



Settu orðin á sinn stað.

stelpa, brauðið, penni, barn, osturinn, tölva, búðin, mynd, kennarinn, blaðið, hestur, skóli

Þegar orðið er með greini breytist merkingin svolítið. Nafnorðið verður þekkt, eitthvað sem við þekkjum. Við erum að tala um eina ákveðna bók, ekki bara einhverja bók.

án greinis

með greini

_____	_____
_____	_____
_____	_____

án greinis

með greini

_____	_____
_____	_____
_____	_____

Þegar við bætum greini við nafnorðin verðum við líka að hugsa um kyn orðanna.

Karlkyn		Kvenkyn		Hvorugkyn	
án greinis	með greini	án greinis	með greini	án greinis	með greini
penni	penninn	stelpa	stelpa	blóm	blómið
strákur	strákurinn	rós	rósinn		



Bættu greini aftan við orðin.

Mundu að hugsa um kyn orðanna.

gluggi \_\_\_\_\_ hestur \_\_\_\_\_ dós \_\_\_\_\_ vasi \_\_\_\_\_ rúm \_\_\_\_\_  
tölva \_\_\_\_\_ blað \_\_\_\_\_ taska \_\_\_\_\_ gata \_\_\_\_\_ bréf \_\_\_\_\_

# Kyn lýsingarorða

Nafnorð hafa kyn og það breytist aldrei.  
Þess vegna er hægt að sjá kyn þeirra í orðabók.

Lýsingarorð hafa líka kyn, en kyn þeirra fer eftir því hvaða orði þau standa með eða vísa í.  
Það er **ekki** hægt að fletta upp í orðabók til að sjá kyn lýsingarorða.

Lýsingarorðin eru sveigjanleg.  
Þau vilja vera eins og nafnorðin, vinir þeirra.

Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn
-ur		-t
gulur	gul	gult



Þetta er gulur penni.  
karlkyn





Þetta er gul rós.  
kvenkyn



Þetta er gult blóm.  
hverugkyn

- Lýsingarorð í karlkyni fá beygingarendinguna **-ur** (gulur).
- Lýsingarorð í kvenkyni fá **eng**a beygingarendingu (gul).
- Lýsingarorð í hvorugkyni fá beygingarendinguna **-t** (gult).



Skrifaðu lýsingarorðin í réttu kyni á línurnar.

skemmtilegur strákur	<u>skemmtileg</u>	bók	<u>skemmtilegt</u>	blað
fallegur hestur	_____	rós	_____	blóm
hvítur snjóbolti	_____	kanna	_____	hús
leiðinlegur hundur	_____	mynd	_____	leikrit
ungur maður	_____	kona	_____	barn
ljótur hringur	_____	húfa	_____	pils
sætur kettlingur	_____	kanína	_____	lamb
fjörugur hvolpur	_____	stelpa	_____	lag

# Kyn töluorða

Töluorðin **einn**, **tveir**, **þrjár** og **fjórir** hafa kyn eins og lýsingarorðin.

Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn
einn penni	ein stelpa	eitt barn
tveir pennar	tvær stelpur	tvö börn
þrjár pennar	þrjár stelpur	þrjú börn
fjórir pennar	fjórar stelpur	fjögur börn

Önnur töluorð hafa ekki kyn. Þau eru eins í öllum kynjum.

fimm pennar	fimm stelpur	fimm börn
níu pennar	níu stelpur	níu börn



Skrifaðu töluorðin á línurnar.

Tólf plús einn eru þrettán.

Kóngulóin er með \_\_\_\_\_ fætur.

Þrjár fuglar eru með \_\_\_\_\_ vængi.

Hundurinn er með \_\_\_\_\_ skott.

Peysan kostar \_\_\_\_\_

Sigga á heima á Brávallagötu \_\_\_\_\_

Guðrún á bara \_\_\_\_\_ krónur eftir

af vasapeningunum sínum.

Síminn hjá Kalla er \_\_\_\_\_

12  
+1



# 4. Eintala og fleirtala

## Hvað er tala orða?

Á blaðsíðu 2 lærðir þú að mörg nafnorð eru heiti á hlutum sem hægt er að telja.

- Þegar talað er um **einn** hlut er nafnorðið í **eintölu**.
- Þegar talað er um **marga** hluti er nafnorðið í **fleirtölu**.



Eru nafnorðin í eintölu eða fleirtölu?

þrjú lömb fleirtala

tveir símar \_\_\_\_\_

einn strákur \_\_\_\_\_

ein króna \_\_\_\_\_

sextán stólar \_\_\_\_\_

fimm rósir \_\_\_\_\_

tuttugu pennaveski \_\_\_\_\_

tveir krakkar \_\_\_\_\_

Eintala

Fleirtala



einn sími

margir símar

Eintala

Fleirtala



ein króna

margar krónur

Beygingarendingar orðanna eru ekki eins í eintölu og fleirtölu.

## Tala nafnorða

Ekki eru öll nafnorð eins í fleirtölu.  
Hver beygingarflokkur hefur sitt munstur.

Rifjaðu upp  
nafnorðaflokkana 5 á  
bls. 10 og 11.

	Karlkyn		Kvenkyn		Hvorugkyn
	veik	sterk	veik	sterk	sterk
Eintala	penni	strákur	stelpa	rós	blóm
Fleirtala	pennar	strákar	stelpur	rósir	blóm



## Karlkynsorð

Veik og sterk karlkynsorð hafa mismunandi endingar í eintölu og fleirtölu.



einn penni



margir pennar

Veik karlkynsnafnorð hafa beygingarendinguna -i í eintölu og -ar í fleirtölu eins og penni.



Líttu á þessi orð. Þau eru öll veik karlkynsorð. Settu þau í fleirtölu.

kassi \_\_\_\_\_

banki \_\_\_\_\_

gluggi \_\_\_\_\_

bolli \_\_\_\_\_

skóli \_\_\_\_\_

sími \_\_\_\_\_

jakki \_\_\_\_\_

kennari \_\_\_\_\_

afi \_\_\_\_\_

lampi \_\_\_\_\_



einn strákur



margir strákar

Sterk karlkynsorð eins og strákur hafa -ur í eintölu og -ar í fleirtölu.



Skriðu eintölu eða fleirtölu þessara orða. Þau eru öll sterk karlkynsorð.

eintala

fleirtala

hestur

hestar

dagar

ostur

eintala

fleirtala

fiskur

pottar

sokkur

## Kvenkynsorð

Veik og sterk kvenkynsorð hafa mismunandi endingar í eintölu og fleirtölu.

Mundu að stofn er orð mínus beygingarending.

stelp — ur




ein stelpa



margar stelpur



ein rós



margar rósir

Ef veik kvenkynsorð hafa -a- í stofni í eintölu breytist það í -ö- í fleirtölu.

ein gata - margar götur  
ein plata - margar plötur



Hvað keypti Rósa í búðinni?  
Orðin sem þú notar eru öll veik kvenkynsorð.  
Settu þau í fleirtölu.

*Hún keypti perur,*

---



---




---



---

appelsína   sítróna   melóna   pera   agúrka



Skrifaðu eintölu eða fleirtölu þessara orða.  
Þau eru öll sterk kvenkynsorð.

eintala

fleirtala

borg

eintala

fleirtala

sveit

dósir

mynd

búð

krúsir

# Hvorugkynsorð

Orð í hvorugkyni eru eins í eintölu og fleirtölu. Þau fá enga beygingarendingu.



eitt blóm



mörg blóm

Ef orðið hefur **-a-** í stofni í eintölu breytist það í **-ö-** í fleirtölu.



eitt barn



mörg börn



Skrifaðu orðin í fleirtölu á línurnar.

- |              |                |
|--------------|----------------|
| brauð _____  | bréf _____     |
| rúm _____    | hús _____      |
| eldhús _____ | sjónvarp _____ |
| borð _____   | glas _____     |
| dýr _____    | tár _____      |



Hvað er í fataskápnum hjá Árna og Dísu?

	Karlkyn		Kvenkyn		Hvorugkyn
	veik	sterk	veik	sterk	sterk
Eintala	penni	strákur	stelpa	rós	blóm
Fleirtala	pennar	strákar	stelpur	rósir	blóm

Í skápnum eru:

---



---




---



---



---



# Greinirinn í eintölu og fleirtölu

Lestu um greininn  
á bls. 12.

Þú manst að nafnorð geta bætt við sig greini.  
Greinirinn hefur líka sérstakar endingar í fleirtölu.

	Karlkyn		Kvenkyn		Hvorugkyn
	veik	sterk	veik	sterk	sterk
Eintala	penni penninn	strákur strákurinn	stelpa stelpa	rós rósinn	blóm blómið
Fleirtala	pennar pennarnir	strákar strákarnir	stelpur stelpurnar	rósir rósirnar	blóm blómin



Bættu greini aftan við orðin. Hugsaðu um kyn og tölu orðanna.

bolti \_\_\_\_\_ sokkar \_\_\_\_\_ búðir \_\_\_\_\_ kennarar \_\_\_\_\_ gluggar \_\_\_\_\_  
hnífur \_\_\_\_\_ sól \_\_\_\_\_ pítsur \_\_\_\_\_ bréf \_\_\_\_\_ skyrtu \_\_\_\_\_

## Lýsingarorð í eintölu og fleirtölu

Þú manst að lýsingarorðin eru sveigjanleg  
og fá sama kyn og nafnorðin sem þau standa með.  
Lýsingarorðin herma líka eftir tölu nafnorðanna sem þau standa með.

- Ef nafnorðið er í karlkyni fleirtölu,  
verður lýsingarorðið líka að vera í karlkyni fleirtölu.

Þetta er **gulur penni**. Þetta eru **gulir pennar**.

- Ef nafnorðið er í kvenkyni fleirtölu, verður lýsingarorðið  
líka að vera í kvenkyni fleirtölu.

Þetta er **gul rós**. Þetta eru **gular rósir**.

- Ef nafnorðið er í hvorugkyni fleirtölu, verður lýsingarorðið  
líka að vera í hvorugkyni fleirtölu.

Þetta er **gult blóm**. Þetta eru **gul blóm**.



# Meira um tölu lýsingarorða

Svona eru lýsingarorð í eintölu og fleirtölu.  
Skoðu orðin í töflunni.

	Karlkyn		Kvenkyn		Hvorugkyn	
<b>Eintala</b>	gulur	penni	gul	húfa	gult	blóm
	gulur	sokkur	gul	rós	gult	hús
	gulur	bíll	gul	mynd	gult	rúm
<b>Fleirtala</b>	gulir	pennar	gular	húfur	gul	blóm
	gulir	sokkar	gular	rósir	gul	hús
	gulir	bílar	gular	myndir	gul	rúm



Settu beygingarendingar á lýsingarorðin.  
Þú verður að muna að hugsa um í hvaða kyni orðin eru.

Þetta eru rósir. Þær eru rauð ar.

Þetta eru boltar. Þeir eru röndótt \_\_\_\_.

Þetta eru hundar. Þeir eru svart \_\_\_\_ og brún \_\_\_\_.

Þetta eru peysur. Þær eru þykk \_\_\_\_ og hlýj \_\_\_\_.

Þetta eru hús. Þau eru falleg \_\_\_\_.

Eintala	Fleirtala
hann	þeir
hún	þær
það	þau



Hvað er í herberginu hans Gunnars? Notaðu orðin í römmunum.

Í herberginu hans Gunnars eru þægilegir stólar,

---



---




---



---

mjúkur, fallegur, röndóttur, flott,  
gamall, þægilegir, hvítur, tómar,  
skemmtilegt, stór, gul, skítugir

rúm, mynd, motta, tölva, borð,  
stólar, skápur, skúffur, spil, skip,  
skólataska, sokkar



# 5. Fallbeyging

Þú hefur séð að nafnorð breytast.  
Þau fá mismunandi beygingarendingar  
eftir kyni og tölu.


penni - pennar  
stelpa - stelpur

Í þessum kafla lærir þú um fleiri beygingarendingar.  
Þú lærir um **fallbeygingu**.

Orð sem fallbeygjast eða beygjast í föllum eru kölluð **fallorð**.

Í íslensku eru 4 föll:

- nefnifall
- þolfall
- þágufall
- eignarfall



hestur,  
hests, hesti, hest,  
hestinum

Nafnorðið **hestur** getur haft öll þessi form í eintölu:

Merkingin er samt alltaf sú sama.  
Við erum að alltaf að tala um **hest**.  
Það er bara formið sem breytist.  
Orðið fær mismunandi **beygingarendingar**.



Beyging á orðinu **hestur** í eintölu í öllum föllum er svona:

	Eintala
Nefnifall	hest- <b>ur</b>
þolfall	hest
þágufall	hest- <b>i</b>
Eignarfall	hest- <b>s</b>

Stofninn er fremst: **hest**.  
Beygingarendingar  
eru settar aftan á stofninn.

Skrifaðu fallið á línurnar.

Þegar orðið **hestur** hefur endinguna **-ur** → **hestur** segjum við:

Orðið er í nefnifalli

Þegar orðið **hestur** hefur enga endingu → **hest** segjum við:

Orðið er í \_\_\_\_\_

Þegar orðið **hestur** hefur endinguna **-i** → **hesti** segjum við:

Orðið er í \_\_\_\_\_

Þegar orðið **hestur** hefur endinguna **-s** → **hests** segjum við:

Orðið er í \_\_\_\_\_

# Greinirinn fallbeygist

Á blaðsíðu 12 lærðir þú um greininn. Hann er settur aftan við nafnorðið og breytist eftir kyni.

Karlkyn:	-nn eða -inn
Kvenkyn:	-n eða -in
Hvorugkyn:	-ið

Karlkyn		Kvenkyn		Hvorugkyn
penni-nn	hestur-inn	tölva-n	dós-in	blóm-ið
skóli-nn	skápur-inn	peysa-n	mynd-in	barn-ið
bakari-nn	ostur-inn	mappa-n	sveit-in	kort-ið

Greinirinn er líka til í öllum föllum, nefnifalli, þolfalli, þágufalli og eignarfalli.

Beyging á orðunum **hestur** og **strákur** í eintölu með greini í öllum föllum er svona:

	Eintala með greini	Eintala með greini
Nefnifall	hest-ur-inn	strák-ur-inn
þolfall	hest-inn	strák-inn
þágufall	hest-i-num	strák-num
Eignarfall	hest-s-ins	strák-s-ins



Í hvaða falli eru undirstrikuðu nafnorðin?

Hesturinn minn er skjóttur. nefnifall

Mér þykir vænt um hestinn minn. \_\_\_\_\_

Ég fór til stráksins í næsta húsi. \_\_\_\_\_

Lína langsokkur bauð hestinum í afmælið sitt. \_\_\_\_\_


Ég ætla að bjóða bæði hestinum mínum \_\_\_\_\_

og stráknum í afmælið mitt. \_\_\_\_\_

Strákurinn á heima í Reykjavík. \_\_\_\_\_

“Mamma stráksins heitir Helga. \_\_\_\_\_

Ég hitti strákinn í skólanum. \_\_\_\_\_



# Í hvaða falli?

Hvernig vitum við hvenær orð á að vera í nefnifalli eða einhverju öðru falli?

**Hesturinn** er stór og fallegur.


nefnifall

**Hesturinn** bítur gras.

nefnifall


**Hesturinn** hleypur hratt.

nefnifall



Hér er verið að tala um hvernig hesturinn er og hvað hesturinn gerir.  
Orðið hestur er í nefnifalli.  
Orðið hestur er **frumlag**.

Frumlag er í nefnifalli.



Stelpan kyssir **hestinn**.

þolfall

Stelpan klappar **hestinum**.

þágufall

Stelpan saknar **hestsins**.

eignarfall

Hér gerir hesturinn ekkert.  
Nú er það stelpan sem kyssir hestinn og klappar hestinum.  
Orðið hestur er **andlag** en orðið stelpan frumlag.

Andlag er í þolfalli, þágufalli eða eignarfalli.



# Meira um föll



Er orðið **hestur** frumlag eða andlag? Þú getur séð hvernig orðið **hestur** beygist á blaðsíðu 22.

Hesturinn er spendýr. \_\_\_\_\_

Hesturinn hneggjjar hátt. \_\_\_\_\_

Ásta gefur hestinum brauð á hverjum degi. \_\_\_\_\_

Hún setur hestinn inn í hesthús. \_\_\_\_\_



Hvaða fall er á orðinu **hestur** í setningunum?

Hesturinn er fallegur. \_\_\_\_\_

Dísa klappar hestinum. \_\_\_\_\_

Hún sá hestinn úti á túni. \_\_\_\_\_

Hesturinn hleypur hratt. \_\_\_\_\_



Hvaða fall er á andlögnum?  
Orðin **fiskur**, **ostur**, **blýantur** og **diskur** beygjast eins og hestur.

Mamma setur **fiskinn** í pottinn. \_\_\_\_\_

Guðmundur borðar **ostinn**. \_\_\_\_\_

Þjófurinn stal **blýantinum**. \_\_\_\_\_

Jón tekur **diskinn** af borðinu. \_\_\_\_\_



Eru undirstrikuðu orðin frumlag eða andlag?

	frumlag	andlag		frumlag	andlag
<u>Blýanturinn</u> er gulur.	X	_____	Sigga veiddi <u>fiskinn</u> .	_____	_____
Jón yddar <u>blýantinn</u> .	_____	_____	<u>Diskurinn</u> er brotinn.	_____	_____



## Beyging nafnorða

Það eru ekki bara nafnorðin **hestur** og **strákur** sem beygjast í föllum. Öll nafnorð fallbeygjast. Á blaðsíðu 10 lærðir þú um beygingarflokka nafnorða. Lítum aftur á þá.

	Karlkyn		Kvenkyn		Hvorugkyn	
	veik	sterk	veik	sterk	sterk	
Eintala	penni	hestur	stelpa	rós	blóm	

Beygingarflokkur er hópur orða sem hefur sömu beygingarendingar í öllum föllum.

## Karlkynsorð

Veik karlkynsorð, orð eins og **penni**, **skóli** og **sími**, hafa öll sömu beygingarendingar.

	Eintala með greini	Eintala með greini	Eintala með greini
Nefnifall	penn-i-nn	skól-i-nn	sím-i-nn
Þolfall	penn-a-nn	skól-a-nn	sím-a-nn
Þágufall	penn-a-num	skól-a-num	sím-a-num
Eignarfall	penn-a-ns	skól-a-ns	sím-a-ns



Í hvaða falli eru undirstrikuðu orðin?

Það er síminn til þín. nefnifalli

Skrifaðu með bláa pennanum.

Ertu að fara í skólann?

Svaraðu í símann!

Viltu lána mér pennann?

Penninn er ónýtur.

Finnst þér gaman í skólanum?

Hver er í símanum?

Skólinn er ekki á sumrin.

Símaskrá skólans er ný.



Sterk karlkynsorð, orð eins og **hestur**, **blýantur** og **diskur**, hafa öll sömu beygingarendingar.

	Eintala með greini	Eintala með greini	Eintala með greini
Nefnifall (nf.)	hest-ur-inn	blýant-ur-inn	disk-ur-inn
Þolfall (þf.)	hest-inn	blýant-inn	disk-inn
Þágufall (þgf.)	hest-i-num	blýant-i-num	disk-i-num
Eignarfall (ef.)	hest-s-ins	blýant-s-ins	disk-s-ins



Í hvaða falli eru undirstrikuðu orðin?

Diskurinn er hvítur. nf.

Hver tók blýantinn minn?

Settu diskinn í skápinn.

Lína, Anna og Tommi eru vinir hestsins.

Dísa stakk blýantinum í vasann.

Strokleðrið á blýantinum er búið.

Hesturinn er fallegur.

Það eru jólasnákökur á diskinum.

Þetta er blýanturinn minn.

Bogi klappaði hestinum.



## Kvenkynsorð

Veik kvenkynsorð, orð eins og **stelpa**, **tölva** og **peysa**, hafa öll sömu beygingarendingar.

	Eintala með greini	Eintala með greini	Eintala með greini
Nefnifall (nf.)	stelp-a-n	tölv-a-n	peys-a-n
Þolfall (þf.)	stelp-u-na	tölv-u-na	peys-u-na
Þágufall (þgf.)	stelp-u-nni	tölv-u-nni	peys-u-nni
Eignarfall (ef.)	stelp-u-nnar	tölv-u-nnar	peys-u-nnar



Í hvaða falli eru undirstrikuðu orðin?

Vinkonur stelpunnar fóru allar í afmælið hennar. \_\_\_\_\_

Tölvan mín er flottari en þín. \_\_\_\_\_

Spurðu stelpuna, hún veit það örugglega. \_\_\_\_\_

Viltu ekki fara úr peysunni? \_\_\_\_\_

Ég fór með stelpunni í bæinn í gær. \_\_\_\_\_

Settu peysuna á stólinn. \_\_\_\_\_

Ég má fara næst í tölvuna. \_\_\_\_\_

Stelpan heitir Ása. \_\_\_\_\_

Peysan kostar þrjú þúsund krónur. \_\_\_\_\_



Sterk kvenkynsorð, orð eins og **rós**, **búð** og **blokk**, hafa öll sömu beygingarendingar.

	Eintala með greini	Eintala með greini	Eintala með greini
Nefnifall (nf.)	rós-in	búð-in	blokk-in
Þolfall (þf.)	rós-ina	búð-ina	blokk-ina
Þágufall (þgf.)	rós-inni	búð-inni	blokk-inni
Eignarfall (ef.)	rós-ar-innar	búð-ar-innar	blokk-ar-innar



Í hvaða falli eru undirstrikuðu orðin?

Eigandi búðarinnar heitir Helgi. \_\_\_\_\_

Íbúar blokkarinnar fóru allir út í garð. \_\_\_\_\_

Mamma fór í búðina í gær. \_\_\_\_\_

Rósin er gul. \_\_\_\_\_

Búðin er hérna í næstu götu. \_\_\_\_\_

Blokkin er nýmáluð. \_\_\_\_\_

Settu rósina í vasa. \_\_\_\_\_

Það var ekki til mjólk í búðinni. \_\_\_\_\_

Jón er að flytja í blokkina. \_\_\_\_\_

Ari hélt á rósinni. \_\_\_\_\_

## Hvorugkynsorð

Hvorugkynsorð, orð eins og **blóm**, **borð** og **sjónvarp**, hafa öll sömu beygingarendingar.

	Eintala með greini	Eintala með greini	Eintala með greini
Nefnifall (nf.)	blóm-ið	borð-ið	sjónvarp-ið
Polfall (pf.)	blóm-ið	borð-ið	sjónvarp-ið
Þágufall (þgf.)	blóm-i-nu	borð-i-nu	sjónvarp-i-nu
Eignarfall (ef.)	blóm-s-ins	borð-s-ins	sjónvarp-s-ins



Í hvaða falli eru undirstrikuðu orðin?

Glasið er á borðinu. \_\_\_\_\_

Kisa sefur alltaf undir borðinu. \_\_\_\_\_

Gulli var í sjónvarpinu í gær. \_\_\_\_\_

Kennarinn vökvar blómið. \_\_\_\_\_

Sjónvarpið er bilað. \_\_\_\_\_

Blómið er blátt og fallett. \_\_\_\_\_

Borðið er fallett. \_\_\_\_\_

Kveiktu á sjónvarpinu. \_\_\_\_\_



**Stelpan klappar hestinum.**

frumlag

andlag

Andlag er alltaf í þolfalli, þágufalli eða eignarfalli.

Frumlag er í nefnifalli.



Skrifaðu andlögin í setningunum. Í hvaða kyni og falli eru þau?

Anna þrjónaði peysuna sína sjálf.

peysuna

kvenkyn

þolfall

Karl keypti rósina handa mér.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Óskar braut diskinn í gær.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Dóra klappar hestinum.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Stefán málaði blokkina í sumar.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

María yddaði blýantinn.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Amma vökvar blómið á hverjum degi.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



Strikaðu undir frumlögin og dragðu hring utan um andlögin.

Erna teiknar mynd.

Stelpan kaupir mjólk.

Viktor skrifar bréf.

Bréfið er langt og skemmtilegt.

Hesturinn hleypur hratt.

Hesturinn bítur gras.

Strákurinn les blaðið.

Barnið borðar matinn.



# Beyging nafnorða í fleirtölu

Þú hefur séð hvernig nafnorð fallbeygjast í eintölu. Nafnorðin fallbeygjast líka í fleirtölu.

## Karlkynsorð

Lítum á beygingu veikra karlkynsorða í eintölu og fleirtölu með og án greinis.

	<b>Eintala án greinis</b>	<b>Eintala með greini</b>	<b>Fleirtala án greinis</b>	<b>Fleirtala með greini</b>
Nefnifall	penni	penninn	pennar	pennarnir
Þolfall	penna	pennann	penna	pennana
Þágufall	penna	pennanum	pennum	pennunum
Eignarfall	penna	pennans	penna	pennanna

Svona beygjast veik karlkynsorð, til dæmis **gluggi**, **skóli** og **banani**.



Í hvaða falli og tölu eru undirstrikuðu orðin?

Strákurinn opnar pakkana. þf. ft. Stelpan kastaði boltunum. \_\_\_\_\_  
Stelpan lokar glugganum. \_\_\_\_\_ Hvenær ferðu í skólann? \_\_\_\_\_  
Pennarnir mínir eru svartir. \_\_\_\_\_ Settu bananana í skálina. \_\_\_\_\_

Lítum núna á beygingu sterkra karlkynsorða í eintölu og fleirtölu með og án greinis.

	<b>Eintala án greinis</b>	<b>Eintala með greini</b>	<b>Fleirtala án greinis</b>	<b>Fleirtala með greini</b>
Nefnifall	hestur	hesturinn	hestar	hestarnir
Þolfall	hest	hestinn	hesta	hestana
Þágufall	hesti	hestinum	hestum	hestunum
Eignarfall	hests	hestsins	hesta	hestanna

Svona beygjast sterk karlkynsorð, til dæmis **strákur**, **peningur**, **vettlingur**, **unglingur** og **ostur**.



Í hvaða falli og tölu eru undirstrikuðu orðin?

Stelpan talar við strákinn. þf. et. Allir krakkarnir borða ost. \_\_\_\_\_  
Farðu í vettlingana. \_\_\_\_\_ Stelpan eyddi peningunum. \_\_\_\_\_  
Unglingarnir fóru í bíó. \_\_\_\_\_ Ostur er hollur. \_\_\_\_\_

## Kvenkynsorð

Lítum á nafnorð í kvenkyni.

Þetta er beyging veikra kvenkynsorða í eintölu og fleirtölu með og án greinis.

	<b>Eintala án greinis</b>	<b>Eintala með greini</b>	<b>Fleirtala án greinis</b>	<b>Fleirtala með greini</b>
Nefnifall	stelpa	stelpa	stelpur	stelpurnar
Þolfall	stelpu	stelpuna	stelpur	stelpurnar
Þágufall	stelpu	stelpunni	stelpum	stelpunum
Eignarfall	stelpu	stelpunnar	stelpna	stelpnanna

Svona beygjast veik kvenkynsorð, til dæmis **kisa**, **klukka**, **pítsa** og **samloka**.



Í hvaða falli og tölu eru undirstrikuðu orðin?

Krakkarnir klappa kisunni. \_\_\_\_\_

Pítsur eru mjög vinsælar núna. \_\_\_\_\_

Hvað er klukkan núna? \_\_\_\_\_

Pabbi stelpnanna er kennarinn minn. \_\_\_\_\_

Samlokurnar eru með skinku og osti. \_\_\_\_\_

Ertu búin að panta pítsuna? \_\_\_\_\_



Þetta er beyging sterkra kvenkynsorða í eintölu og fleirtölu með og án greinis.

	<b>Eintala án greinis</b>	<b>Eintala með greini</b>	<b>Fleirtala án greinis</b>	<b>Fleirtala með greini</b>
Nefnifall	rós	rós	rósir	rósirnar
Þolfall	rós	rósina	rósir	rósirnar
Þágufall	rós	rósinni	rósum	rósunum
Eignarfall	rósar	rósarinnar	rósa	rósanna

Svona beygjast sterk kvenkynsorð, til dæmis **búð**, **mynd** og **borg**.



Í hvaða falli og tölu eru undirstrikuðu orðin?

Guðrún málaði myndina. \_\_\_\_\_

Borgin sem hann Óskar býr í er falleg. \_\_\_\_\_

Ég hitti Völu í búðinni í gær. \_\_\_\_\_

Leikstjóri myndarinnar er ítalskur. \_\_\_\_\_

Raðaðu myndunum í albúmið. \_\_\_\_\_



## Hvorugkynsorð

Nú lítum við á orð í hvorugkyni.

Hér er beyging hvorugkynsorða í eintölu og fleirtölu með og án greinis.

	Eintala án greinis	Eintala með greini	Fleirtala án greinis	Fleirtala með greini
Nefnifall	blóm	blómið	blóm	blómin
Þolfall	blóm	blómið	blóm	blómin
Þágufall	blómi	blóminu	blómum	blómunum
Eignarfall	blóms	blómsins	blóma	blómanna

Svona beygjast sterk hvorugkynsorð, til dæmis **bréf**, **blað**, **hús** og **pils**.



Í hvaða falli og tölu eru undirstrikuðu orðin?


Strákurinn skrifar bréf. \_\_\_\_\_

Konan er í fallegu pils. \_\_\_\_\_

Fiðrildin flögra milli blómanna. \_\_\_\_\_

Hann býr í gula húsinu á horninu. \_\_\_\_\_

Bréfin frá Jóni voru löng og skemmtileg. \_\_\_\_\_




## Nokkrar æfingar

Stofn er sá hluti orðsins sem breytist ekki.



Strikaðu undir stofn orðanna.



Settu orðin á sinn stað.



eintala án greinis

Nefnifall \_\_\_\_\_

Þolfall \_\_\_\_\_

Þágufall \_\_\_\_\_


Eignarfall \_\_\_\_\_



Hvaða föll í orðinu **rós** eru eins? \_\_\_\_\_



Settu orðin á sinn stað.



**eintala án greinis**

**eintala með greini**

Nefnifall \_\_\_\_\_ Nefnifall \_\_\_\_\_

Polfall \_\_\_\_\_ Polfall \_\_\_\_\_

Þágufall \_\_\_\_\_ Þágufall \_\_\_\_\_

Eignarfall \_\_\_\_\_ Eignarfall \_\_\_\_\_


Búðu til setningar þar sem þú notar orðið **kennari** í mismunandi föllum.



Þekkir þú fleiri orð sem beygjast eins og **kennari**? \_\_\_\_\_



Settu orðin á sinn stað.



**eintala án greinis**

**fleirtala án greinis**

Nefnifall \_\_\_\_\_ Nefnifall \_\_\_\_\_

Polfall \_\_\_\_\_ Polfall \_\_\_\_\_

Þágufall \_\_\_\_\_ Þágufall \_\_\_\_\_

Eignarfall \_\_\_\_\_ Eignarfall \_\_\_\_\_

Búðu til setningar þar sem þú notar orðið **hundur** í mismunandi föllum.



Settu orðin á sinn stað.



**eintala án greinis**

**fleirtala án greinis**

Nefnifall \_\_\_\_\_ Nefnifall \_\_\_\_\_

Polfall \_\_\_\_\_ Polfall \_\_\_\_\_

Þágufall \_\_\_\_\_ Þágufall \_\_\_\_\_

Eignarfall \_\_\_\_\_ Eignarfall \_\_\_\_\_

Búðu til setningar þar sem þú notar orðið **brauð** í mismunandi föllum.





Finndu kyn, tölu og fall undirstrikuðu orðanna.  
Sagan er í bókinni *Galdrabók Ellu Stínu* eftir Elísabetu Jökulsdóttur.

## Stelistelpan

Stelpan sem var stelipjófur stalst út um allar trissur og stal öllu steini léttara. Hún hnuplaði trjám, bókum, kertastjaka, einfættum glösum, biblíu, setningum, höttum, hnöttum, ljósaskilti, hugmyndum, skúffu, hnetusmjöri,

ávaxtakörfu, veislum, fána, rauðum kjól og hvítu blómi úr leikhúsinu.

Það var orðið voða fínt heima hjá henni, svo bjó hún til stelisafn en auðvitað fékk enginn að skoða safnið nema nokkrir innbrotsþjófar sem hún þekkti náið.

stelpan \_\_\_\_\_ *kvk., et., nf.*

stelipjófur \_\_\_\_\_

kertastjaka \_\_\_\_\_

glösum \_\_\_\_\_

biblíu \_\_\_\_\_

hugmyndum \_\_\_\_\_

skúffu \_\_\_\_\_

hnetusmjöri \_\_\_\_\_

ávaxtakörfu \_\_\_\_\_

veislum \_\_\_\_\_

fána \_\_\_\_\_

blómi \_\_\_\_\_

leikhúsinu \_\_\_\_\_

safnið \_\_\_\_\_

innbrotsþjófar \_\_\_\_\_

### Skammstafanir

kk.= karlkyn

kvk.= kvenkyn

hk.= hvorugkyn

et.= eintala

ft.= fleirtala

nf.= nefnifall

pf.= þolfall

þgf.= þágufall

ef.= eignarfall

